



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 128/378

komudagur 2.12. 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík.

Reykjavík 29.11 2002.

Með bréfi ráðuneytisins dags. 22. nóvember s.l. er þess farið á leit, að Alþýðusamband Íslands gefi umsögn um frumvarp til breytinga á lögum 91/1991, 36.mál.

Í frumvarpinu er lagt til að málskostnaðarákvæði laga um meðferð einkamála verði breytt og greiðsla málskostnaðar úr dánar- og þrotabúum tryggð með ábyrgð ríkissjóðs að öðru skilyrðum uppfylltum.

ASÍ mælir ekki með samþykkt þessa frumvarps. Til þess liggja m.a. eftirfarandi ástæður:

Velja þarf af vandvirkni þær kröfur sem ríkisábyrgð fylgir við skipti á dánar- og þrotabúum. Þær kröfur sem mestu skipta eru kröfur launafólks um ógreidd laun, skaðabætur vegna vinnuslysa og lífeyrissparnað en allar eru þær tryggðar með ríkisábyrgð, þar með talinn eðlilegur málskostnaður. Greiðsla þessara krafna sætir þó talsverðum takmörkunum og telur ASÍ brýnna að úr því verði bætt.

Frumvarpið gerir engan greinarmun á því hvort málskostnaður er dæmdur í einkamáli, opinberu máli eða hvort um er að ræða málskostnað í máli þar sem krafa er umdeild eða hvort um er að ræða kröfu samkvæmt viðskiptabréfum. Fjarri lagi er að ríkissjóður taki þannig á sig ábyrgð af öllum kröfum án aðgreiningar en áréttað skal að nú þegar nýtur málskostnaður vegna tiltekinna og verðmætra krafna ríkisábyrgðar. Jafnframt er bent á, að ákvæði laga um gjafsóknir mæta þeim vanda sem einstaklingar sem telja sig eiga réttmætar kröfur að sækja, eiga við að glíma, t.d. vegna fátæktar.

Að lokum er á það bent, að ákvæði um ríkisábyrgð á málskostnaði eiga alls ekki heima í lögum um meðferð einkamála. Um kröfur við skipti á dánar- og þrotabúum og um ríkisábyrgðir er fjallað í öðrum lögum.

Virðingarfyllst,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
deildarstjóri lögfræðideildar ASÍ.

Nefndasvið Alþingis
Helga E. Þórisdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 6. janúar 2003

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála. 128. löggjafarþing 2002–2003. Þskj. 36 – 36. mál.

Allsherjarnefnd hefur óskað umsagnar Lögmannafélags Íslands um ofangreint frumvarp. Frumvarp þetta mun hafa verið lagt fram á Alþingi áður, sem mál nr. 403 á 125 löggjafarþingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu.

Laganefnd LMFÍ leggst gegn samþykkt þessa frumvarps. Í frumvarpinu er lagt til að ríkissjóður greiði dæmdan málskostnað til þess aðila sem hefur fengið gagnaðila sinn dæmdan til greiðslu málskostnaðar í dómsmáli, enda látist dómþoli eða hann hefur verið úrskurðaður gjaldþrota og krafan fæst ekki greidd úr dánar- eða þrotabúi hans.

Laganefnd telur að frumvarpið sé ekki til þess fallið að ná því markmiði að ryðja úr vegi neinum raunverulegum hindrunum gegn því að einstaklingar leiti réttar síns fyrir dómstólum.

Bent er á að enn hefur ekki verið sett löggjöf hérlendis um opinbera réttaraðstoð, líkt og lengi hefur verið í gildi í nágrannalöndum okkar. Opinber réttaraðstoð er þó augljóslega það sem fyrst og fremst myndi stuðla að því að tryggja möguleika almennings til þess að bera álitaefni undir dómstóla, en ákvæði laga um meðferð einkamála um gjafsókn eru engan veginn nægileg í því sambandi.

Virðingarfyllst,

f.h. laganefndar LMFÍ

Jakob R. Möller, formaður



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
THE ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTER

Alþingi
Erindi nr. P 128/857
komudagur 24.1.2003

Allsherjarnefnd Alþingis
Nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Mannréttindaskrifstofu Íslands – MRSÍ - hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Frumvarpið er lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002-2003.

Mannréttindaskrifstofa Íslands styður frumvarp þetta og telur að það geti leitt til þess að fólk leiti fremur réttar síns fyrir dómstólum í tilvikum eins og þeim sem lögina ná til.

Mannréttindaskrifstofa Íslands vill vekja athygli Allsherjarnefndar á því að margir einstaklingar hafa í samtölum við MRSÍ getið þess að þeir treysti sér ekki til að leita réttar síns fyrir dómstólum vegna þess kostnaðar sem því fylgir. Það er mikið áhyggju- og umhugsunarefni ef aðeins hluti borgaranna getur náð fram rétti sínum eða fengið niðurstöðu í sínum málum vegna mikils kosnaðar. Hvað verður um lýðræðið við slíkar kringumstæður?

Virðingarfyllt
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands
Reykjavík 22. janúar 2003-01-22